

Aukin efnistaka í landi Hólabrúar og Kúludalsár, Hvalfjarðarsveit

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 21. mars 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Steypustöðinni-námur ehf. og Borgarverki ehf. um aukna efnistöku í landi Hólabrúar og Kúludalsár í Hvalfjarðarsveit, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Aukin efnistaka í Hólabrú og Kúludalsá, Matsskyldufyrirspurn. Steypustöðin-námur ehf. og Borgarverk ehf. – Efla. 21. mars 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit dags. 22. apríl 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 5. apríl 2024
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 19. apríl 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. apríl 2024
- Vegagerðinni dags. 18. apríl 2024

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 30. apríl, 8. maí, 7. og 26. júní 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í stækkun Hólabrúarnámu um 2 ha og 250.000 m³ efnistöku og stækkun Kúludalsárnámu um 4 ha og 200.000 m³ efnistöku auk 49.000 m³ sem þegar hafa verið teknir úr Kúludalsárnámu, alls 499.000 m³. Ætla má að nú þegar hafi verið teknir um 1.799.000 m³ af efni úr námunum tveimur á um 27 ha svæði. Námunar eru staðsettar um 8 km frá Akranesi. Áætluð stækkun Hólabrúarnámu mun teygja sig norður af vesturenda námunnar í átt að Akrafjalli. Efni sem tekið verður úr námunni verður nýtt sem malbiksefni og er árleg vinnsla áætluð um 60.000 m³. Áætluð stækkun námunnar í landi Kúludalsár mun teygja sig norður og norðaustur frá núverandi efnistökusvæði. Núverandi vinnslusvæði er um 1,5 ha en með fyrirhugaðri stækkun verður námusvæðið um 6,3 ha alls.

Efnið verður unnið á staðnum, því mokað upp með beltagröfu og þaðan í forbrjót. Eftir það er efnið harpað og brotið aftur í mölunarsamstæðu í þær stærðir sem óskað er eftir hverju sinni. Að lokum er efnið svo ýmist þvegið í þvottahörpu eða flutt óþvegið á brott.

Í Kúludalsárnámu er fyllt á vinnuvélar með olúbíl en í Hólabrúarnámu er olútankur til að fylla á vélar en tankurinn er staðsettur í gámi sem uppfyllir allar kröfur um mengunar- og lekahættu.



Daglega fara um 30-40 bílar um Hólabrúarnámu. Umferð um Kúludalsárnámu er slitrótt og fer eftir verkum hverju sinni. Ekki hefur verið tekið efni úr námunni síðan síðasta haust og því er engin umferð um námuna eins og er en ætla má að umferð nái um 30 ferðum á dag þegar vinnsla úr námunni fer aftur af stað. Samanlögð umferð getur því verið um 60-70 bílar á dag í heildina, fimm daga vikunnar en ekki er búist við aukinni umferð vegna stækkunarinnar.



Mynd 1. Sýnir svæði sem þegar hefur verið unnið úr Kúludalsárnámu og Hólabrúarnámu, auk fyrirhugaða stækkun námanna. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

Frágangur

Jarðvegur, svarðlag og lífrænt efni verður nýtt eins og kostur er við frágang svæðisins í lok vinnslutímabilsins en gert er ráð fyrir að efnistaka fari fram á svæðinu næstu 10-15 árin. Að auki verður einærum grastegundum sáð í sárið til að koma í veg fyrir rof. Til að flýta fyrir uppgræðslu verður einnig borið á svæðið, grasfræi sáð og plöntur og tré gróðursett þar sem það á við. Efninu sem verður rutt ofan af efnistökusvæðunum verður komið fyrir í mönum og nýtt til þess að græða svæðið upp við frágang. Lokafrágangur verður í samráði við landeigendur og gengið verður frá svæðinu þannig að það muni falla sem best að umhverfi sínu. Framkvæmdaraðilar hyggjast hefja frágang á núverandi hluta námusvæðanna. Áform eru um að nýta efni sem er í mönum við núverandi aðstæður til að græða sár og færa síðan nýtt efni í manir.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Steypustöðvarinnar-námur ehf. og Borgarverks ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sé snarrótarvist algengasta vistgerðin á fyrirhuguðu efnistökusvæði við Kúludalsárnámu. Þar sem



fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæðinu við Kúludalsá sé stækkun á núverandi efnistökusvæði og því líklegt að vistgerðir sem voru á því svæði sem þegar hafi verið unnið hafi svipað til þeirra vistgerða sem nú séu á fyrirhuguðu stækkunarsvæði. Allar vistgerðirnar sem finnast á framkvæmdasvæðinu séu mjög útbreiddar hérlendis. Þá kemur fram að blómgresis- og grasmóavist séu algengustu vistgerðirnar á fyrirhuguðu efnistökusvæði við Hólabrúarnámu. Blómgresisvist sé lítt útbreidd en finnast gjarnan á hlýjum og skjólsælum stöðum á láglandi. Grasmóavist sé öllu útbreiddari. Allar vistgerðir sem fundust innan fyrirhugaðrar stækkunar Hólabrúarnámu, stækkunar Kúludalsárnámu og núverandi Kúludalsárnámu séu á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Sökum þeirrar efnistöku sem áður hafi farið fram á svæðinu megi gera ráð fyrir að grunnvatnsstaða svæðisins hafi breyst og verði að teljast líklegt að þau svæði sem áður einkenndust af votlendi og votlendisvistgerðum séu orðin þurr í dag. Gróðurfar og vistgerðir á stórum hluta svæðisins séu langt frá sínu náttúrulega ástandi, sérstaklega við Kúludalsárnámu. Vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði muni verða fyrir beinu og varanlegu raski. Mat framkvæmdaraðila sé að áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir séu óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að nauðsynlegt sé að fá úttekt á lífríki svæðisins í ljósi þess sem vísað sé til í vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir með hátt verndargildi þannig að það liggi á borðinu hvort einhverjar vistgerðir séu enn á svæðinu með hátt verndargildi. Það þurfi svo að ráðast af umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands hvort þessu svæði sé óhætt að raska með tilliti til niðurstaðna.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að innan svæðisins séu blettir af starungsmýravist og gulstaraflóavist sem séu vistgerðir með hátt verndargildi. Blettirnir nái ekki lágmarksstærð til að falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og umhverfisaðstæður séu þannig að erfitt sé að vernda þessa bletti.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í greinargerð með tilkynningu bendi framkvæmdaraðili á að huga þurfi að þeirra óvissu sem fylgi vistgerðakortlagningu NÍ og bendi á að sökum þeirrar efnistöku og graftar sem áður hafi farið fram á svæðinu, megi gera ráð fyrir því að grunnvatnsstaða svæðisins hafi breyst og þau svæði sem voru votlend áður og einkenndust af votlendisvistgerðum á borð við starungsmýravist séu í dag þurr. Að þessu sögðu telji framkvæmdaraðili óverulegar líkur á því að innan svæðisins finnast tegundir með hátt verndargildi og því ekki talin þörf á að unnin sé úttekt á vistgerðum svæðisins.

Áhrif á jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berggrunnur framkvæmdasvæðisins einkennist af meira en 3,3 milljón ára blágrýti. Malarhjallinn við Hólabrú, þar sem nú sé stunduð efnistaka hafi upphaflega verið tiltölulega lítil malareyri sem myndast hafi við hærri sjávarstöðu. Fram kemur að jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði muni koma til með að verða fyrir beinu raski á framkvæmdatíma en þær njóti ekki sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að ekki komi fram hversu þykkar setmyndanirnar séu innan námusvæðisins eða hvort hægt sé að nýta betur efnið sem þar sé.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að áætluð þykkt setmyndunar sé um 6-8 metrar af því efni sem unnið sé á svæðinu. Framkvæmdaraðili áformar að nýta efni innan núverandi efnistökusvæðis eins vel og kostur er áður en farið verði að vinna úr nýjum reitum. Eins og fram komi hafi komið í greinargerð þá sé áætlað að eftirstandandi efnistöku magn úr Hólabrú sé nú um 200.000-250.000 m³. Aukin efnistaka í Kúludalsárnámu miði að því að nýta núverandi raskað svæði betur og magnaukningin sé að öllu leyti innan þjóðveggar í suðri og gamla þjóðveggar í norðri.

Áhrif á ásynd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skv. landslagsgerðarflokkun frá árinu 2020 flokkist framkvæmdasvæðið undir landslagsgerðina *breiðir firðir milli hárra fjalla*. Ásýndaráhrif séu lítil



næst framkvæmdasvæðinu en gæti meira eftir því sem lengra sé komið frá svæðinu en núverandi efnistökusvæði séu skermuð af með mönnum frá þjóðvegnum. Áhrif efnistöku á landslag og ásynd séu hins vegar að mestu leyti komin fram í ljósi þeirrar efnistöku sem áður hafi farið fram á svæðinu. Engu að síður er gert ráð fyrir að koma fyrir mönnum og sáð verður í þær bæði til að binda efni og til að fella manirnar betur að landslaginu í kring. Á framkvæmdatíma verði þess gætt að efnishaugum í námunum verði valin staðsetning m.t.t. sýnileika þeirra. Einnig verði hugað að efnismagni í þeim þ.e. umfangi og hæð. Líklegt sé að ásynd svæðisins muni breytast með því móti að manir muni ná lengra upp í hlíð Akrafjalls og upp fyrir það svæði sem muni raskast við stækkun. Núverandi manir dragi verulega úr neikvæðum áhrifum á ásynd þegar keyrt sé meðfram framkvæmdasvæðinu og gera megi ráð fyrir að manir sem reistar verði muni gera slíkt hið sama vegna stækkunar námanna. Fyrirhuguð efnistaka muni því hafa lítil áhrif á landslag og ásynd á svæðinu í ljósi mótvægisáðgerða.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stofnunin telji að efnistakan eigi að takmarkast við svæði á milli þjóðveggar í suðri og gamla þjóðveggar í norðri. Efnistaka ofan við gamla veginn muni liggja hærra í landinu og verða mun sýnilegri. Auk þess skapist hætta á hruni úr fjallshlíðinni fyrir ofan. Reiturrinn fyrir ofan veg sé um 1,6 ha og mælist stofnunin til þess að honum verði sleppt.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Hólabrúarnáma sé staðsett á malarhjalla sem liggja frá rótum Akrafjalls og áleiðis til sjávar og nær náman alveg fram á suðvesturbrún þessa malarhjalla. Nú sé nánast búið að fullvinna það vinnanlega efni sem finnist innan marka námunnar og ekki sé hægt að fara lengra til suðvesturs þar sem það svæði sé utan malarhjallans og sé að miklu leyti leir og mold. Því sé eini fýsilegi kosturinn að fara ofar í hjallann til að sækja meira efni.

Áhrif á hljóðvist og rykmengun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að nokkur hávaði berist m.a. frá stórvirkjum vinnuvélum og malarbrjótum á svæðinu. Slíkum framkvæmdum geti einnig fylgt rykmengun en smáar rykagnir geti borist með lofti, sérstaklega á löngum þurrkatímum. Næsti bær við framkvæmdasvæðið með heilsársetu sé Lambalækur í um 600 m fjarlægð. Framkvæmdaraðili telji ólíklegt að ábúendur verði fyrir verulegum áhrifum sökum hávaða eða rykmengunar en þess hafi þó orðið vart til þessa. Manir verði settar upp við enda námusvæðanna en tilgangur mananna sé m.a. að draga úr áhrifum framkvæmdar á hljóðvist og rykmengun. Ekki sé gert ráð fyrir auknum daglegum umsvifum í námunni í kjölfar stækkunarinnar og því ætti stækkunin ekki að leiða til breytinga á hljóðvist frá því sem verið hefur. Framkvæmdaraðili telji að áhrif stækkana verði óveruleg á hljóðvist og rykmengun.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að nú þegar sé efnisvinnslan að valda hljóðmengun og bendi á að mótvægisáðgerða vegna hávaða frá framkvæmdasvæðinu sé þörf bæði fyrir og eftir stækkun svæðisins.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni leita samráðs við sveitarfélagið við frekari hönnun og skipulag framkvæmdar, m.a. vegna tilfærslu á reið- og gönguleið, útfærslum á innkeyrslum, óprifnaði á þjóðveginn og öðrum mótvægisáðgerðum.

Áhrif á útivist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að afar fátítt sé að fólk gangi í nágrenni Hólabrúarnámu og svæðið lítið notað til útivistar en nokkur útivist sé við og á Akrafjalli, fjallið sé áfangastaður göngufólks auk þess sem reið- og gönguleið sé við vesturenda núverandi vinnslusvæðis Hólabrúarnámu sem komi til með að raskast vegna stækkunar námunnar og mun framkvæmdaraðili eiga samráð við landeigendur og sveitarfélagið varðandi tilfærslu á reið- og gönguleiðarinnar.



Ljóst er að áhrifa efnistöku á svæðinu gæti nú þegar og hafi gætt um langan tíma; með stækkun efnistökusvæða muni áhrif efnistökkunnar aukast en framkvæmdaraðili telji áhrifin þó vera óveruleg.

Áhrif á umferð

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið standi við þjóðveg 1. Samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar hafi meðalumferð á dag yfir árið 2022 verið 5.500 bílar um þjóðveg 1 í nágrenni efnistökusvæðanna og um 60-70 vörubílar fari frá og að framkvæmdasvæðinu á dag. Sitt hvor innkeyrslan sé að námunum en innkeyrslurnar séu ekki auðsjáanlegar þegar keyrt sé að framkvæmdasvæðinu, sérstaklega úr norðri og geti skapast hættulegar aðstæður þegar stórir vörubílar beygi inn á þjóðveginn frá námusvæðunum. Framkvæmdaraðili sé með mótvægisáðgerðir sem felist meðal annars í endurskipulagningu á innkeyrslunum og uppsetning spegla við þær. Framkvæmdaraðili geri ekki ráð fyrir auknum daglegum umsvifum í námunni í kjölfar stækkunarinnar og því ætti stækkun námunar ekki að leiða til meiri áhrifa á umferð.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að mikilvægt sé að fundin verði lausn á nýrri útfærslu á innkeyrslu á efnistökusvæðin og speglar verði settir upp við innkeyrslu eins fljótt og auðið er. Þá vill sveitarfélagið einnig benda á að finna þurfi leiðir til þess að ekki verði óþrif á þjóðvegi 1 vegna aksturs bíla frá námusvæðinu.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að stækkun Hólabrúarnámu sé áætluð að hluta til við Hringveg 1. Skoða þurfi hönnun fyrirhugaðra mana með tilliti til sjónlengda svo umferðaröryggi skerðist ekki.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til veghelgunarsvæðis Hringvegar og sjónlengda við hönnun og uppsetningu hljóðmana.

Áhrif frárennslis frá námusvæði

Skipulagsstofnun bærust ábendingar að umsagnartíma loknum um grugg í frárennslis frá námusvæði og óskaði eftir viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að til þess að hámarka gæði og nýtingu þess efnis sem komi úr námunni sé notast við sérstaka steinefnapvottavél. Við þvott á steinefnum skolist í burtu allra fínasta efnið en þetta fínefni sé samsett af hreinu basalti ásamt nokkrum tegundum af leirsteindum og sé því um að ræða náttúrulegt efni og skaðlaust umhverfinu. Þvottavélin sé búin sérstöku kerfi sem endurnýti 80-90% af vatninu og því þurfi aðeins að losa í burtu brot af því vatni sem notað sé við þvottinn en einnig sé bara hluti þess efnis sem unnið sé í námunni þvegið. Vatnið sem sé notað komi úr lind rétt vestan megin við námuna en vatnsrennslíð úr lindinni hafi ekki verið mælt. Þvottavélin noti um 325 m³/klst af vatni og því megi ætla að frárennslis frá þvottavélinni sé á bilinu 3-7 m³/klst og anni lindarholan þvottavélinni nokkuð auðveldlega. Því sé ljóst að vatnsrennslis úr lindinni sé meira en 7 m³/klst. Við umsókn framkvæmdaraðila um starfsleyfi fyrir frekari vinnslu úr námunni verði samráð haft við viðeigandi leyfisveitendur um hvort þörf sé á mælingum á grunnástandi og vöktun sökum hreinsunarinnar. Samhliða mælingum á áhrifum frárennslis yrði farið í rennslismælingar á fyrrnefndri lind.

Í eftirlitsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 28. maí 2024, sem fylgdi svörum framkvæmdaraðila, kemur fram að Umhverfisstofnun telji að meta þurfi áhrif umrædds malarþvotts á vatnshlotið Hvalfjörður (104-1330-C) og hver áhrifin séu á lögbundin umhverfismarkmið vatnshlotsins. Samkvæmt 28. gr. laga um stjórn vatnamála skuli opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram komi í vatnaáætlun. Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli



skipulagslaga og laga um mannvirki skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd og komi fram í vatnaáætlun.

Í framhaldi af fundi framkvæmdaraðila, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar um málið hafi niðurstaðan orðið sú að framkvæmdaraðili myndi láta framkvæma nauðsynlegar mælingar og í framhaldi af því yrði tekin ákvörðun um hvort og þá hvaða aðgerða grípa þyrfti til í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun. Niðurstaða mælinga og mögulegar mótvægisáðgerðir verði meðal gagna sem lögð verði fram þegar sótt verði um leyfi fyrir framkvæmdinni.

5 Skipulag og leyfi

Í gildi er Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir 1.200.000 m³ efnistöku úr Hólabrúarnámu en unnið var umhverfismat á sínum tíma fyrir 2.000.000 m³ efnistöku og leyfi gefi gefin út fyrir því. Áætlað er að búið sé að vinna í kringum 1.800.000 m³ af efni úr námunni. Ljóst þykir að aðalskipulag er ekki í samræmi við þá efnistöku sem farið hefur fram úr námunni og ekki í samræmi við það sem áætlað er að taka úr námunni nú. Þörf er á breytingu á aðalskipulaginu vegna framkvæmdanna.

Núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 50.000 m³ efnistöku úr Kúludalsárnámu sem sé búið að nýta og því þarf einnig að breyta aðalskipulaginu fyrir frekari efnistöku úr Kúludalsá. Einnig þarf að breyta stærð efnistökusvæðanna í aðalskipulaginu svo þau samræmist fyrirhuguðum áformum.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að framkvæmdaraðili komi til með að sækja um breytingu á núgildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 þar sem tekið verði mið af stækkunum, ósamræmi í stærð efnistökusvæðis og fyrri efnistöku og heiti efnistökusvæðis. Þörf sé á að deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið þar sem ekki sé gerð ítarleg grein fyrir efnistökkunni sjálfri í aðalskipulagi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni eiga samráð við sveitarfélagið varðandi frekara skipulag.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er einnig háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Framkvæmdin þarf einnig að vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022- 2027.

Finnist forminjar á svæðinu eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum ber framkvæmdaraðila að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands og fá samþykki fyrir því skv. lögum um menningarminjar.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aukna efnistöku í landi Hólabrúar og Kúludalsár í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, mengunar og ónæðis, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um



náttúruvernd.. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða allumfangsmikla efnistöku þar sem gert er ráð fyrir að stækka námur sem hafa verið í rekstri nokkuð lengi og hefur efnistakan til þessa raskað tæplega 30 ha svæði. Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun Hólabrúar- og Kúludalsárnáma felast fyrst og fremst í áhrifum á ásýnd, jarðmyndanir og vatnafar. Áhrifin verða varanleg, staðbundin og óafturkræf á jarðmyndanir svæðisins en um er að ræða framkvæmdir og starfsemi sem er innan áhrifsvæðis þegar raskaðs svæðis vegna fyrri efnistöku og á svæði sem nýtur ekki sérstakrar verndar, en fyrirhuguð stækkun námanna mun raska um 6 ha til viðbótar. Ljóst er að stækkun Hólabrúarnámu nær hlíðum Akrafjalls kann að hafa í för með sér að efnistökusvæðið verði meira áberandi en við núverandi aðstæður en með gerð jarðvegsmana á að vera unnt að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd vegna stækkunarinnar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á ummerkjum efnistöku verði haldið í algjöru lágmarki svo ásýndaráhrifin verði sem minnst og í því sambandi er brýnt að ráðist verði í frágang á þeim svæðum sem þegar eru fullnýtt innan námanna.

Varðandi áhrif á vatnafar skal samkvæmt lögum um stjórn vatnamála vernda vatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Frárennsli vegna þvottar efnis fer í vatnshlotið Hvalfjörður (104-1330-C) og kunna efnistökuframkvæmdirnar þannig að hafa áhrif á það. Skipulagsstofnun tekur undir þau atriði sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila um niðurstöður fundar með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um að framkvæmdaraðili þurfi að vinna áhættumat og meta áhrif malarþvottarins í námunni á vatnshlotið áður en til leyfisveitinga kemur og minnir jafnframt á að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Vistgerðir með hátt verndargildi finnast á svæðinu en að takmörkuðu umfangi og telur Skipulagsstofnun áhrif á þessar vistgerðir verða óveruleg af þeim sökum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að þeir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins sem og mótvægisáðgerðir þannig að framkvæmdin muni ekki að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið, t.a.m. með hækkun mana, frágangi efnistökusvæða, rykbindingu, breytingu sjónlengda við innkeyrslu að námusvæðum og færslu reið- og göngustíga.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 29 júlí 2024.

Reykjavík, 27. júní 2024

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

